

# REGLUR

## um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga.

### 1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti úthlutar styrkjum til fræðsluaðila og fyrirtækja eða stofnana er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís, annast umsýslu styrkumsókna í umboði ráðuneytisins.

Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru hér á landi, og skráðir eru með lögheimili á Íslandi, færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar hér á landi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011. Hælisleitendur sem þátt taka í námskeiðum eru undanþegnir kröfu um skráningu í Þjóðskrá meðan málefni þeirra eru til skoðunar hjá stjórnvöldum.

### 2. gr.

Styrkir til íslenskukennslu eru auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum og á vef Rannís um miðjan október ár hvert. Í auglýsingu skal koma fram hversu miklu fé áætlað er að úthluta í styrki. Umsóknarfrestur er sex vikur. Umsóknir sem berast eftir að auglýstur umsóknarfrestur er liðinn eru ógildar. Umsóknareyðublöð eru á vefnum og skal skila umsóknum til Rannís á rafrænu formi. Styrkvilyrði gildir fyrir það ár sem það er gefið út. Ráðuneytið upplýsir fræðsluaðila fyrir miðjan janúar um niðurstöður úthlutunar vegna yfirstandandi árs.

### 3. gr.

Rétt til að sækja um styrk eiga fræðsluaðilar sem öðlast hafa viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins á grundvelli 7. gr. laga um framhaldsfræðslu og fyrirtæki eða stofnanir sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá. Fyrirtæki eða stofnanir, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að hafa samning við viðurkenndan fræðsluaðila er annast kennsluna. Í samningi skal koma fram hverjir samningsaðilar eru, lýsing á inntaki þjónustunnar sem veitt er og fjárhæð sem greidd er fyrir hana. Afrit af samningi skal fylgja með umsókn fyrirtækis.

### 4. gr.

Í umsókn skal tilgreina fjölda námskeiða, fjölda námskeiðsstunda, nemendafjölda, námskeiðskostnað og fjármögnun.

### 5. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið metur umsóknir og tekur ákvörðun um úthlutun. Styrkir ráðuneytisins til íslenskukennslu útlendinga byggjast annars vegar á grunnstyrk fyrir námskeiðsstund, en miðað er við að hver námskeiðsstund sé að lágmarki 40 mín., og hins vegar á greiðslu fyrir fjölda nemendastunda. Þessi regla er útskýrð nánar hér að neðan og sýnt dæmi um útreikning styrks. Hámarksfjöldi nemenda í hópi er 20, en lágmarksfjöldi er 10, sbr. þó ákvæði síðustu málsgreinar þessarar greinar.

Hafi umsækjandi áður hlotið styrk er við úthlutun höfð hliðsjón af fjölda námskeiða og þátttakenda hjá viðkomandi fræðsluaðila við uppgjör fyrri styrkveitinga. Hafi umsækjandi þannig endurtekið ekki getað staðið við að kenna þann fjölda námskeiða sem hann sótti um styrk til að halda gæti hann þurft að sæta skerðingu á styrkvilyrði næsta árs á eftir sem miðast þá við raunfjölda námskeiða og nemenda hjá viðkomandi fræðsluaðila árið á undan.

Um aðgang að upplýsingum og rökstuðning fyrir ákvörðunum gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr.

37/1993 og upplýsingalaga nr. 140/2012.

Þátttakandi á námskeiði skal mæta til 75% kennslustunda að lágmarki til þess að þátttaka hans teljist styrkhæf. Fækki námskeiðum, eða þátttakendum á námskeiðum, frá því sem upphaflega var áætlað skerðist styrkurinn hlutfallslega sem nemur fækkuninni. Hafi fræðsluaðili fengið fyrirframgreiðslu vegna fyrirhugaðs námskeiðahalds en námskeið fallið niður skal hann endurgreiða ofgreiddan styrk.

Heimilt er að taka tillit til sérstakra aðstæðna hjá fræðsluaðilum á strjálbýlum svæðum og greiða fyrir sem svarar 10 nemendum í hópi þrátt fyrir að nemendur séu færri en 10 og námskeið eru haldin. Ekki er greitt fyrir námskeið ef nemendur eru færri en 6.

6. gr.

Við upphaf námskeiðs fær umsækjandi greitt 40% af heildarvilyrði fyrirfram. Lokagreiðsla fer fram þegar Rannís hafa borist upplýsingar um fjölda námskeiða og nöfn ásamt kennitölum þátttakenda. Lokauppgjör fræðsluaðila vegna námskeiða í íslensku fyrir útlendinga skal hafa borist í árslok það ár er styrkvilyrði gildir.

7. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur eftirlit með framkvæmd íslenskukennslu samkvæmt reglum þessum.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 30. nóvember 2015.*



**Illugi Gunnarsson.**



**Ásta Magnúsdóttir.**

## Skýringar

Námsskeiðsstundir vísa til lengdar námskeiða, t.d. 60 stundir. Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda heildarfjölda nemenda á námskeiðum með lengd þeirra í námskeiðsstundum.

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
Umsækjandi	Fjöldi námsk.	Fjöldi nemenda	Lengd námskeiða	Nemenda-stundir samtals	Greitt f. nemenda-stundir	Samtals greitt fyrir nemendur	Greitt fyrir námsk. stundir	Greitt fyrir námskeiðið	Heildar-greiðsla námsk.	Styrkur
NN	7	70	60 stundir	4200	250 kr.	1050.000 kr.	2.500 kr.	150.000 kr.	1050.000 kr.	2100.000 kr.

Nemendastundir í reit 5 eru fundnar með því að margfalda töluna í reit 3 með tölunni í reit 4.

Talan í reit 6 er ákvörðuð af ráðuneyti og ræðst af því fjármagni sem til ráðstöfunar er (í þessu dæmi 250 kr.).

Talan í reit 7 er fengin með því að margfalda töluna í reit 5 með tölunni í reit 6.

Talan í reit 8 er fengin með því að margfalda lengd námskeiðs í reit 4 með grunngjaldi sem ráðuneytið greiðir fyrir námskeiðsstund og ræðst af því fjármagni sem til ráðstöfunar er (í þessu dæmi 2500 kr.).

Talan í reit 9 er fengin með því að margfalda töluna í reit 8 með fjölda námskeiða í reit 2.

Talan í reit 10 er fengin með því að leggja saman fjárhæðirnar í reit 7 og 9.